



KRAFTLYFTINGASAMBAND ÍSLANDS

SÉRSAMBAND INNAN ÍPRÓTTA- OG ÓLYMPÍUSAMBANDS ÍSLANDS

Reglugerð Kraftlyftingasambands Íslands (KRAFT) um val á kraftlyftingamanni ársins

Val kraftlyftingamanns ársins í karla- og kvennaflokki fer fram að loknu keppnistímabili ár hvert. Valið er í höndum stjórnar KRAFT. Valið er tilkynnt á heimasíðu sambandsins, til ÍSÍ og Samtaka íþróttafréttamanna, um leið og það liggur fyrir. Viðurkenningar eru afhentar á kraftlyftingapingi.

Við valið er árangur metinn í klassískum kraftlyftingum, klassískri bekkpressu, kraftlyftingum í búnaði og bekkpressu í búnaði.

Kraftlyftingafólk sem er tilnefnt getur keppt í opnum flokki og í aldurstengdum flokki.

Við val stjórnar á kraftlyftingafólki ársins eru eftirfarandi atriði tekin til greina :

- Alþjóðamet
- Árangur á alþjóðamótum og innanlandsmótum
- IPF GL stig

Stjórn hefur auk þess til hliðsjónar framlag viðkomandi til íþróttarinnar utan keppni.

Sá sem hlýtur titilinn Kraftlyftingamaður ársins skal ekki með hegðun sinni eða óíþróttamannslegri framkomu hafa varpað rýrð á íþróttina, félagið sitt eða Kraftlyftingasamband Íslands.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á fundi stjórnar Kraftlyftingasambands Íslands 20. desember 2023.